

Ed. 72. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkissjóður hefur jafnmikla þörf enn sem áður fyrir tekjur þessar, og er því lagt til, að ákvæðin verði látin gilda áfram á árinu 1950.